



Fundur háskólaráðs 29. nóvember 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludvig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 23.11.2007
Dags: 29.11.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

16/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 29. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Inga Jóna Þórðardóttir boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Mál á dagskrá

1.1 Fjármál Háskóla Íslands. Framhald frá síðasta fundi.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og framkomnum athugasemdum og ábendingum deilda um tillögur starfshóps háskólaráðs um skiptingu viðbótarfjár vegna samnings menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands. Inn á fundinn komu þeir Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og formaður fjármálanefndar, Róbert H. Haraldsson, fulltrúi í starfshópi háskólaráðs um skiptingu viðbótarfjárins og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þeir þremmenningar og rektor spurningum ráðsmanna.

– Háskólaráð fagnar framkomnum tillögum starfshóps um skiptingu viðbótarfjár vegna samnings við menntamálaráðuneytið og telur þær endurspeglar í meginatriðum áherslur í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Jafnframt beinir ráðið því til starfshópsins að við lokafrágang tillagnanna verði höfð hliðsjón af framkomnum athugasemdum og ábendingum, einkum varðandi ráðstöfun nýrra starfa, framlag til stuðnings við nýja kennara, skilgreiningu og flokkun úrvals bókarkafla og tímaritsgreina, eflingu stoðþjónustu og alþjóðleg samskipti. Einnig felur háskólaráð fjármálanefnd að reikna út hvernig viðbótarféð skiptist á deildir/fræðasvið samkvæmt tillögum starfshópsins.

Guðmundur R. Jónsson gerði grein fyrir framlagðri hugmynd fjármálanefndar um nýtt deililíkan fyrir Háskóla Íslands. Í máli Guðmundar kom m.a. fram að innan fjármálanefndar eru skiptar skoðanir um skiptingu kostnaðar vegna þjónustukennslu á milli deilda. Málið var rætt ítarlega.

– Háskólaráð felur fjármálanefnd að leggja fram yfirlit yfir skiptingu fjár fyrir árið 2008 samkvæmt eldra deililíkani annars vegar og nýju deililíkani hins vegar.

1.2 Innri endurskoðun Háskóla Íslands: Tillaga að erindisbréfi fyrir innri endurskoðun Háskóla Íslands ásamt drögum að endurskoðunaráætlun fyrir 2008, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

– Erindisbréf fyrir innri endurskoðun samþykkt. Háskólaráð bendir á að ætlað umfang starfsins er mikið og er rektor falið að fara yfir forgangsröðun verkefna, áhættumat og endurskoðunaráætlun með innri endurskoðanda.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Niðurstöður kannana á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, sbr. fund ráðsins 6. júní sl. Samantekt frá starfsmannasviði um niðurstöður og túlkun könnunarinnar og tillögur um úrbætur.

Inn á fundinn kom Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs og gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt.

– Háskólaráð fagnaði tillögum starfsmannasviðs að úrbótum. Starfsmannasviði falið að vinna að þeim úrbótum, einkum varðandi endurmenntun starfsmanna, sem gerð er tillaga um í framlögðu minnisblaði sviðsins.

2.2 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

Tillaga frá félagsvísindadeild um breytingu á 114. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, um meistaranám í norrænni trú og diplómanám á meistarastigi í barnavernd.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

– Samþykkt einróma.

2.3 Stjórnir, nefndir og ráð: Skipun stjórnar Eggertssjóðs.

Rektor gerði grein fyrir málinu og bar upp tillögu um að ný stjórn Eggertssjóðs fyrir tímabilið 2007-2010 verði skipuð þeim Ásmundi Jakobssyni eðlisfræðingi, Leó Kristjánssyni, prófessor emeritus og Ólafi S. Andrésyni prófessor. Varafulltrúar verði Árný E. Sveinbjörnsdóttir vísindamaður, Guðmundur H. Guðmundsson prófessor og Þorbergur Þorbergsson verkfræðingur.

– Samþykkt einróma.

2.4 Erindi frá stjórn Háskólaútgáfunnar þar sem lagt er til að ráðinn verði ritstjóri fyrir útgáfuna.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Gæðanefnd, vísindanefnd og fjármálanefnd falið að veita háskólaráði umsögn um erindi Háskólaútgáfunnar.

2.5 Erindi frá nemanda í viðskipta- og hagfræðideild, dags. 14. nóvember 2007, vegna glataðra prófúrlausna.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Þemur fulltrúum í háskólaráði, þeim Rúnari Vilhjálmssyni, fulltrúa Félags prófessora og Félags háskólakennara, Helga Þorbergssyni, fulltrúa raunvísindasviðs og Þóri Hrafni Gunnarssyni, fulltrúa stúdenta falið að fara yfir málið og undirbúa afgreiðslu þess í háskólaráði.

2.6 Störf háskólakennara utan Háskólans.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Þeim Rúnari Vilhjálmssyni, Ólafi Þ. Harðarsyni, fulltrúa félagsvísindasviðs og Sigurði J. Grétarssyni, formanni kennslumálanefndar falið að undirbúa tillögur um málið fyrir háskólaráð. Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs starfi með hópnum.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Umsagnir um frumvörp.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 16.00.